

**BJARGRÁÐA-
SJÓÐUR
BLANKUR**
➔ 3. SÍÐA

**BREGST
LOÐNAN
LÍKA?**
➔ BAKSÍÐU

alþýðu blaðið

FIMMTUDAGUR 25. JAN. 1973 — 54. ARG. — 20. TBL.

Verði Vestmannaeyjahöfn eyðileggingunni að bráð

FRAMTÍÐAR- BORG VIÐ DYRHÓLAEY?

Þeirri hugmynd hefur skotið upp, að byggja mætti landshöfn við Dyrhólaey, ef höfnin í Vestmannaeyjum yrði eyðileggingunni að bráð, og úterð þaðan hætti.

„Ég er þeirrar skoðunar að byggja megi mjög þokkalega höfn við Dyrhólaey fyrir 250 milljónir króna, og sterka og örugga höfn fyrir 1500 milljónir“, sagði Einar Oddsson sýslumaður í Vik í Mýrdal, er blaðið ræddi við hann í gær um möguleika hafnargerðar við Dyrhólaey.

Einar Oddsson benti á, að við Dyrhólaey væri eina hugsan-

lega hafnarstæði á 360 kílómetra strandlengju frá Stokks-eyri að Höfn í Hornafirði. Þarna mætti byggja upp byggðakjarna í kringum höfnina, með fiskvinnslustöðvum og öðrum atvinnurekstri. Til landsins væru ákaflega góðar sveitir allt í kring, auðvelt væri að ná í vatn og þarna væri hlýjast á landinu.

„Og ekki má gleyma því, að þarna undan eru bettu fiskimið landsins, og engin höfn stæði betur við þeim en einmitt höfn við Dyrhólaey“, sagði Einar Oddsson.

Gerð hafnar við Dyrhólaey hefur lengi verið draumur

margra Skaftfellinga. Hafa þeir barizt fyrir þessu máli með oddi og egg, en ekki ætíð fundið hjómgrunn hjá ráðamönnum.

Vita- og hafnarmálaskrifstofan hefur látið gera könnun á hafnargerð við Dyrhólaey. Niðurstaða útreikninga stofnunarinnar benti til þess að kostnaður við hafnargerðina yrði 2200 milljónir króna. Var þá reiknað með stórum hafnargarði, eins konar brimbjót, og svo minni höfn þar fyrir innan.

Einar Oddsson sýslumaður sagði að Skaftfellingar hefðu ekki verið ánægðir með þessa Framhald á bls. 4

DÝPIÐ MÆLT

„Útlitið var þannig dag, að menn voru mjög ugðandi um að hafnar- myndi myndi lokast, enda sáu í sjónum í innsiglingunni eins og í grautarpotti, þannig að illfært var um hana af þeim sökum“.

Þannig komst Magnús Magnússon, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, í þættinum „Bein lína“ í útvarpinu í gærkvöldi. Magnús sagði ennfremur:

„Ýmsir voru þannig hræddir um, að þarna væri gos neðansjávar. En lóðsinn hefur farið nokkrum sinnum út í dag og hefur dýpið verið mælt á tveggja tíma fresti. Sem betur fer hafa þessar mælingar bent til þess, að hraunstreymi sé í austur frá eyjunni, en alls ekki í áttina til hafnarinnar.“

RENSLIÐ SVIPAÐ OG Í SOGINU

Samkvæmt upplýsingum fréttamanns blaðsins, um miðnættið í gær, var gjgurinn, sem opnast í gær og beindi hraunstraum í átt til byggðar, hættur að gjósa. Hinar gosstöðvarnar voru fremur stilltar, en þrátt fyrir það er hraunrenslid úr þeim, sem allt fer á haf út, talið á líka mikið og rennslisogsins í Grímsnesi.

Vestmannaeyingar reknir frá borði

Heimferðarbann!

☐ ☐ Nóg verkefni fyrir karlmenn og ekkert að óttast, segir forstjóri frystihúss — en Almannavarnaráð vill sem fæsta á ferli í Eyjum

— Margir hér í Vestmannaeyjum eru dálítið sárir yfir því, að svo til allir bæjarbúar voru drifnir í burtu frá eyjunni morguninn eftir að gosid hófst. Fyrir vikid lamabist öll starfsemi við fiskvinnslustöðvarnar.

Alþýðublaðið ræddi í gær við forstjóra eins af stærstu frystihúsunum í Eyjum í gærkvöldi.

Lögregluþjónn rekur Vestmannaeying í land úr Heklu í Þorlákshöfn, Maðurinn hafði ekki heimferðarleyfi undirritað af Almannavarnaráði.

Sagði hann, að enginn starfsmanna fyrirtækisins hafi orðið eftir í Eyjum nema hann sjálfur og einn verkstjóriinn. Svo mikið hefði ódagottið verið við að koma fólkinu burtu á þrjúdagsmorguninn, að þeir sem höfðu lykklavöld að peningaskáp og skjalageymslu fyrirtækisins, hafi haft alla lykila með sér.

Þá sagði hann, að raunverulega hefði engin lífshættu verið á ferðum eins og sakir stöðu um morguninn.

Í gær voru menn að reyna að komast til Eyja aftur til að huga að eignum sínum og eins til þess að starfa við frystihúsin. En að-

eins örfáir þeirra fengu leyfi til þess frá Almannavörnum.

Hins vegar komu hingað til Vestmannaeyja fjöldi manns frá Bæjarútgerð Reykjavíkur til að skipa út freðfiski. Að því Eyjamenn fréttu, var heimatönnun ekki verið leyft að fara heim, þar sem talið væri, að þeir strykju úr vinnu til að ná í búslóð sína.

Forstjóriinn, sem við ræddum við, sagði, að aldrei hefði átt að flytja burt annað fólk en konur, börn, sjúklinga og gamalmenni. En úr því sem komið væri atti skilyrðislaust að flytja út aftur hópa af frískum karlmönnum.

Nóg væri að vinna við að bjarga verðmætum, en tugir eða hundruð tonna af óverkubum fiski lægju undir skemmdum, þar eð ekki hefði verið mannafl til að isa fiskinn. —ÞORRI

Í MIÐJUM ÞJÓÐAR- VANDA

VÉLSTJÓRAR

STÖÐVA

FRYSTIHÚSIN

Á meðan landsmenn vinna kappsamlega að því, allir sem einn, að bjarga verðmætum frá skemmdum í Vestmannaeyjum, hafa vélstjórar í Reykjavík bobað eyðileggingu milljónaverðmæta í frystihúsunum þar.

Vélstjórar við frystihúsin í Reykjavík hafa verið í verkfalli frá 11. janúar. Frá 1. febrúar höfðu þeir hótad að hætta að halda frosti á frysti geymslum, en þar eru milljónaverðmæti.

Í gær tilkynntu þeir svo bréflaga, að frá klukkan 11 fyrir hádegi í dag, fimmtudag, myndu þeir hætta að halda frosti á frystigeymslunum. Tilkynntu þeir þessa breytingu með aðeins sólarhringsfyrirvara.



===== Fyrsta rýmkunin: þriggja tíma viðdvöl

Um 200 Vestmannaeyingar fóru til Vestmannaeyja í gær, með ms. Heklu, til að huga að eignum sínum og sækja brynustu naubsynjar, og

hafði hópurinn þriggja tíma landvistarleyfi.


Þetta er fyrsti hópurinn sem hefur fengið ferðaleyfi til Eyja

eftir að gosid hófst, en þessháttar leyfum verður áfram úthlutað á skrifstofu í Hafnarbúðum næstu daga.

Enginn hópur má hafa nema 3ja tíma viðdvöl og verður fylgt með að allir komi aftur.

Gjafir og aðstoð

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í fyrradag að beina því til almennings að snúa sér beint til Rauða Kross Íslands og Hjálparstofnunar þjóðkirkjunnar með allar væntanlegar gjafir og fjárhagsaðstoð til Vestmannaeyinga vegna tjóns þeirra af völdum náttúruhamfaranna í Eyjum. —



BREGZT LÖÐNAN LÍKA?

Fyrsta gangan ekki eins sterk og búizt var við

Athuganir fiskifræðinga benda til þess að löðnugangan undan Austfjörðum sé ekki eins sterk og þeir höfðu búizt við fyrirfram. Kom þetta fram í samtali sem blaðamaður Alþýðublaðsins átti við Jakob Jakobsson fiskifræðing síðdegis í gær.

„Maður verður ekki eins var við löðnuna og maður hafði búizt við, að maður hefði þá á tilfinningunni að fyrsta löðnugangan sé ekki mjög sterk“, sagði Jakob.

En Jakob vildi taka það mjög skýrt fram, að vegna þess hve löðnan er dreifð ennþá, er mjög erfitt að segja til um magn hennar. En áralangar athuganir hafa

gert fiskifræðinga reynslunni ríkari, og þeir geta því spáð í dreifða löðnu jafnt sem þetta.

Þegar blaðið náði tali af Jakobi, var leitarskipið Arni Friðriksson státt um 50 millur undan Glettinganesi. Var ætlunin að kanna seinni löðnugönguna, sem væntanlega er stödd einhverstaðar norður af Kögri þessa stundina.

Jakob sagði að syðri kantur fyrri löðnugöngunnar væri við Hvalbak. Er löðnan ákaflega dreifð, á svæði frá 12 til 50 millum undan landi. Hefur hún reynzt illveðanleg fyrir löðnubátana, sem nú eru orðnir margir á miðunum, eitthvað 15–20 talsins. Bæstast bátar við á hverjum degi.

Fjórir bátar fengu smávægis afla í fyrrinótt. Hilmir fékk 50 lestrir, Jón Finnsson 50 lestrir, Skinney 25 lestrir og Guðmundur RE fékk slatta.

Jakob sagði að löðnan hagði sér allt óbrúvisi nú en í fyrra. Hún Framhald á bls. 4

Aðrar vinnslu- stöðvar geta bætt úr fram í marz

„Færi svo, að þessar hræðilegu náttúruhamfarir í Vestmannaeyjum leiði til þess, að verstöðin þar legðist niður í vetur, állt ég, að mögulegt verði fyrir vinnslustöðvarnar á svæðinu frá Hornafirði til Snæfellsness að innna það af hendi, sem annars hefði verið gert í Vestmannaeyjum, allt fram í marz, svo framarlega, sem aukinn vinnukraftur fengist til þeirra.“

Þannig komst Tómas Þorvaldsson, forstjóri í Grindavík, að orði í samtali við Alþýðublaðið í gær.

Tómas kváð stöðvarnar á þessu svæði hins vegar ekki geta tekið á móti og unnið allan þann fisk, sem bærast, eftir að vetrarvertíðin hefði náð hámarki í marz, ef Vestmannaeyjar legðust niður sem verstöð í vetur vegna eldgossins þar.

„En það er nokkur tími til stefnu fram í marz,“ sagði Tómas, „og vonandi tekst mönnum að hugsa einhver ráð á þeim tíma. Það er skynsamra manna háttur að hugsa hvert þrep ræki-lega, svo að það verði örugglega stigið.“

Þá hafði Alþýðublaðið í gær samband við Ingólf Arnarson hjá Útvegsbændafélaga Vestmannaeyja, en Ingólfur hefur til bráðabirgða fengið inni hjá LIÚ.

Ingólfur sagði að útgerðarmenn hefðu í gærmorgun haldið með hald á bls. 4

Á HEIM- LEIÐ

Fyrsta daginn sem gosið stóð tókst einstaka manni að komast til Eyja aftur og ná í það verðmatasta til að flýta með bátum til lands. Þá voru það bátaskipstjórnir, sem „gáfu passann“ — enda hafði skipulagning fólksflutninganna að verulegu leyti verið þeirra verk. Seinna um daginn setti svo Almannaávarnaráð mjög strangt bann við ferðum manna til eyjanna — en hóf í gær að veita takmörkuðum fjölda fólks leyfi til farar og örskammrar dvalar.

Lúðvík: Rekstur frystihúsanna á valdi heimamanna

MEÐ 200 MANNS SKILAR HVERT FRYSTIHÚS FULLUM AFKÖSTUM

„Það er auðvitað sjálfsagt mál, að heimamenn verða fyrst og fremst að segja til um það, hvort þeir treysta sér til þess að gera út frá eyjunum í vetur að einhverju leyti eða ekki, og hvort þeir treysta sér að taka þá áhættu að reyna að halda þar uppi einhverri teljandi fiskvinnslu.“

Þannig komst Lúðvík Jóseps-

son, sjávarútvegsráðherra m.a. að orði í útvarpsþættinum „Bein lína“ í gærkvöldi. Ráðherrann sagði ennfremur:

„Verði það svo, að heimamönnum lítist ekki á þetta og áhættan sé of mikil, er það auðvitað skylda ríkisvaldsins að gera allt, sem í þess valdi stendur, til að greiða fyrir því, að hinn stóri

bátafloki þeirra geti fengið útgerbarastöðu annars staðar.“

Ráðamenn fyrstihúsanna í Vestmannaeyjum héldu með sér fund í gær og ræddu þar um framhald atvinnurekstrar í Vestmannaeyjum, og þá möguleika, sem fyrir hendi væru.

Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri Fiskiojunnar, var

meðal þeirra, sem fram komu í útvarpsþættinum „Bein lína“ í gærkvöldi. Hann sagði þar m.a.:

„Við vorum sammála því á fundinum að reikna ekki með öðru en að halda áfram rekstrinum hér. Okkur sýnist rekstur húsanna vera svo snar þáttur í atvinnullifinu, að við munum sitja hér eins lengi og fært er.“

Hins vegar má segja, að verði eldarnir jafn hatrammir áfram og þeir hafa verið í dag, verður kannski erfitt og of áhættusamt að fá fólk hingað til vinnu.“

Guðmundur Karlsson sagði er hann var spurður, hve margt fólk þyrfti til að halda uppi rekstri fiskvinnslustöðvanna í Vestmannaeyjum:

„Það fer eftir því, hvernig þar Framhald á bls. 4

Óttuðust að þotan væri með sprungið dekk

Mikill viðbúnaður var á Glasgow flugvelli í gærdag vegna komu þotu frá Flugfélagi Íslands þangað. Fjöldi slökkviliðs- og sjúkrahla voru til taks við brautina, sem þotan átti að lenda á, vegna þess að grunur lék á að

hjólarbáði væri sprunginn á þotunni.

Þotan, sem í voru 40 farþegar, lenti svo heilu og höldnu, og var ekkert athugað.

Blaðið hafði samband við Svein Sæmundsson blaðafulltrúa Flug-

félags Íslands, og spurði hann hverju þessar varúðarráðstafanir sættu.

Sagði hann að misskilningur þessu hefði sprottandi upp á Keflavíkurflugvelli í gær, eftir að bútur úr sólningu á dekki fannst á einni

flugbrautinni. Hafi starfsmenn vallarins talið að þetta væri úr hjólarbáða F1 þotunnar, og því hringt á næsta viðkomustað hennar, sem var Glasgow en þar hafi menn ekki viljað taka neina áhættu. —

RÁDHERRA ENDURSKOÐI AFSTÖÐU SÍNA TIL LÖG- GÆZLUMÁLA Í BORGinni

NÚ ERU ÞAD VERÐMÆTIN

Enn heldur björgunarstarfið áfram úti í Vestmannaeyjum. Þegar mannslífunum hefur verið bjargað beinist starfið að brottflutningi og varðveizlu eigna og hafa þegar föluverð verðmæti verið flutt af staðnum. Eins og eðlilegt er, þá eru hinir brottfluttu Vestmannaeyingar mjög áhyggjufullir vegna þeirra eigna, lausra og fastra, sem þeir urðu að skilja eftir á flóttanum enda getur hver sjálfan sig séð þegar verið væri að lýsa því, hvernig eimyrjan teygði fingur sína nær og nær heimili manns. Ber að leita allra ráða til þess að forða þeim eignum undan, sem hægt er að flytja á brott en gæta hinna svo lengi sem nokkur kostur er. Eins verður í samráði við vísindamenn að leita þeirra ráða, sem hugsanlega gætu bægt hraunstraum frá bænum, en eins og Alþýðublaðið skýrði frá í gær eru hugsanlegir möguleikar á því, að hægt sé að stöðva hraunstraum eða veita honum í aðra farvegi, sé bærinn í Vestmannaeyjum í hættu.

LÆRUM AF REYNSLUNNI

Jafnvel af áfalli eins og því, sem dunið hefur yfir Vestmannaeyjar, er ýmislegt hægt að læra. Íslenzka almannavarnarkerfið hefur orðið þar fyrir sinni fyrstu prófraun og hlýtur að öðlast dýrmæta reynslu, sem kemur að gagni við samningu áætlunar um andsvör við hugsanlegum náttúruhamförum annars staðar á landinu.

En áfallið kann einnig að kenna okkur ýmislegt fleira, — m.a. það, að ávallt má búast við eldgosum svo að segja hvarvetna á hinu virka eldstöðvabelti, sem nær þvert yfir Ísland og að gosin gera ekki boð á undan sér. En gera þau það ekki, þegar betur er að gáð? Jú, sennilega. Líkur benda til, að hægt kunni að vera, í sumum tilvikum a.m.k., að sjá þau fyrir sé komið upp nægilega öflugum mælikerfi á jarðhræringar. Eitt af því, sem við höfum nú lært er, að slíku mælikerfi þarf að koma upp a.m.k. alls staðar í nágrenni þéttbýliskjarna á eldstöðvasvæðinu því hversu mikilvægt væri ekki ef hægt væri að fá einhverja viðvörðun áður en sagan úr Vestmannaeyjum kynni að endurtaka sig.

AFREK HJÁ ÚTVARPINU

Alþýðublaðið mælir áreiðanlega fyrir munn margra þegar það vekur athygli á, hversu sérdeilis vel fréttastofa útvarpsins hefur staðið sig í fréttaflutningi og lýsingu á þeim atburðum, sem orðið hafa úti í Vestmannaeyjum. Allir fjölmiðlar hafa reynt að gera sitt bezta til þess að flytja almenningi fregnirnar, en hljóðvarpið hefur þar staðið sig sérstaklega vel, að öðrum ölstuðum. Með stuttu millibili hefur hljóðvarpið sent út lýsingar á atburðum, viðtöl við fræðimenn og aðra og hvers kyns upplýsingar þannig að hlustendur hafa getað fylgt með eins og þeir hafi sjálfir verið staddir í miðri rás viðburðanna. Einkum og sér í lagi hljóta hinir brottfluttu Vestmannaeyingar að vera ánægðir með þátt hljóðvarpsins í Eyjum og horfum þar, þá hefur hljóðvarpið sent út stöðugan straum af upplýsingum, sem sérstaklega eru ætlaðar flóttafólkinu og hafa sjálfsagt hjálpað því mikið.

Fréttamenn og tæknimenn hljóðvarpsins hafa sýnt mikinn dugnað þessi síðustu dægur. Er það mjög á orði haft meðal almennings og að verðleikum.

— Við skulum vona, að ríkisvaldið taki betur óskum lögreglustjórans í Reykjavík um fjölgun í lögregluþið borgarinnar næst, en það gerði nú. Sjálfsagt er það einnig rétt, að áskorun borgarstjórnar á lögreglustjóra og dómsmálaráðherra um aukna löggæzlu geti haft áhrif. Og ef til vill getur ríkisvaldið leyft einhverja fjölgun í lögregluþið Reykjavíkur á þessu ári, enda þótt fjárlög hafi þegar verið afgreidd. A.m.k. tel ég, að freista eigi þess að fá ríkisvaldið til þess að fallast á slíka fjölgun. Þetta sagði Björgvin Guðmundsson, borgarfulltrúi Alþýðuflokksins, m.a. í ræðu sem hann flutti í borgarstjórninni s.l. fimmtudag í umræðum um löggæzlu í borginni og þá einkanlega í Breiðholtshverfi vegna síðustu atburða þar. Björgvin hóf ræðu sína með þessum orðum:

— Eg get lýst yfir stuðningi mínum við tillögu borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um aukna löggæzlu í Breiðholtshverfinu. Eg byst einnig við, að allir borgarfulltrúar geti stutt þá tillögu. Það er að sjálfsgöðu óviðunandi að lögreglan skuli ekki hafa sérstaka hverfislögreglustöð í Breiðholtshverfi eins og í Arbæ. Staðsetning lögregluþiðreiba í hverfinu leysir ekki löggæzluvandamál þess.

Hins vegar er það rétt, sem kom fram hjá borgarfulltrúa Ólafi B. Thors, að það er ekki verkefni borgarinnar að sjá um löggæzluna í Reykjavík. Það er verkefni ríkisins, eða réttara sagt dómsmálaráðherra að sjá til þess, að löggæzla sé nægileg í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum.

Þegar hin nýju lög um tekjustofna sveitarfélaga voru sett smemma á s.l. ári, þá var jafnframt ákveðið að létta löggæzlu-
kostnaðinum af sveitarfélögum og láta ríkið eitt bera hann framvegis. Var það eðlileg ráðstöfun og í samræmi við það, að lögreglustjórar eru skipaðir af ríkinu. Með þessari breytingu má segja, að sú óbeina ábyrgð, sem hvíldi á sveitarfélögum vegna fjárframlaga þeirra til löggæzlu, hafi frá þeim horfið — eða af þeim verið létt. Að visu er eftir sem áður sjálfsagt og eðlilegt, að sveitarstjórnir og þar á meðal borgarstjórn Reykjavíkur hafi vakandi áhuga á löggæzlumálum og láti ríkið vita hvar skórin kveppir að hverju sinni.

Lögreglustjórnin í Reykjavík kom á fund borgarráðs s.l. þriðjudag og skýrði frá ástandi löggæzlumála borgarinnar. Hann sagði, að verkefni lögreglunnar



Björgvin Guðmundsson

hefðu stóruáútkast undanfarnar ár vegna fjölgunar borgarvæða, vegna aukinnar óvunar og aukinna afbrota, en samt hefði ekki orðið fjölgun í lögregluþið borgarinnar. Lögreglustjóri kvaðst hafa sent dómsmálaráðherra ítarlega greinargerð s.l. ár vegna undirbúnings fjárframlaga fyrir árið 1973. Hefði í henni m.a. verið farið fram á leyfi til þess að ráða 50 nýja lögregluþjóna, en ríkisstjórnin hefði sýnað þeirri beiðni. Eg verð að segja, að mig undrar það, að ósk lögreglustjóra skyldi algerlega harnað, — að ekki skyldi t.d. leyft að ráða 20–30 nýja lögregluþjóna. Er augljóst, að löggæzlumál borgar-

innar væru í mun betra lagi en þau eru, ef nokkrir tugir nýrra lögregluþjóna hefði bæzt í lögregluþið um s.l. áramót.

SKYLDUR FJÖLMÍDLA

Síðar í ræðu sinni sagði Björgvin Guðmundsson:

— Það hefur mikið verið rætt um þá hörmulegu atburði, sem gerzt hafa í Breiðholtshverfi nýlega, — einkum þann atburð, er maður réðist með skotvopni inn á heimili í Breiðholtshverfi og stórsasabi þar fólk og ógnaði lífi fjölda manns.

Fjölmiðlar hafa að vonum gert mikið úr atburði þessum. Jafnframt hefur þeim orðið tíðrætt um önnur árás- og afbrotamál í hverfinu. Ekki vil ég draga úr atburðum þeim, sem gerzt hafa í Breiðholtshverfi, en þó þykir mér sem fjölmiðlar beini um of athyglinni að Breiðholtshverfi í þessum efnum. Sannleikurinn mun vera sá — og það veit lögreglan í Reykjavík bezta — að um hverja helgi fréttir lögreglan um einhver áflog ölvabra manna og árásir ölvabra inn á einkaheimili út um allan bæ. En að sjálfsgöðu er aðeins skýrt frá orfnum þessara manna í fjölmiðlum.

Það er sjálfsagt, að aukin löggæzla í Breiðholtshverfi dregur úr löggæzlu annars staðar í Reykjavík verði ekki fjölgun í lögregluþiðinu. En engu að síður tel ég, að auka eigi gæzluna í Breiðholti.

En ég tel óheppilegt, að fjölmiðlar beini um of og stöðugt athyglinni að Breiðholtshverfi í sambandi við árásir og afbrot. Of

Framhald á bls. 4

FLOKKSSTARFIÐ FULLTRÚARÁÐ REYKJAVÍK

Fundur verður haldinn í Fulltrúaráði Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík í dag, fimmtudag, í Ingólfscafé og hefst fundurinn kl. 20,30. Fundarefni:

1. Lagabreytingar.
2. Hvert stefnir stjórnin? Benedikt Gröndal, varaformaður Alþýðuflokksins, hefur framsögu.

STJÓRNIN

ALÞYÐUFLOKKSFÉLAG REYKJAVÍKUR AUGLÝSIR

VIÐTALSTÍMAR ÞINGMANNA OG BORGARFULLTRÚA ALÞYÐUFLOKKSINS

Stjórn Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur hefur ákveðið að gangast fyrir því, að Reykvikingum gefist tækifæri á að hitta að máli þingmenn Alþýðuflokksins úr Reykjavík og borgarfulltrúa. Í þeim tilgangi mun stjórnin auglýsa viðtalstíma regulega hvern fimmtudag á tímabilinu frá kl. 5 til 7 e.h., þar sem hinir kjörnu fulltrúar Reykvikinga úr Alþýðuflokknum skiptast á um að vera til viðtals. Viðtalstímarnir verða haldnir á skrifstofu Alþýðuflokksins, Hverfisgötu 8–10.

Í DAG, fimmtudaginn 25. janúar, er það formaður Alþýðuflokksins, Gylfi Þ. Gíslason, sem verður til viðtals á skrifstofu Alþýðuflokksins frá kl. 5 til 7 e.h. Reykvikingar eru hvattir til þess að nota tækifærið til viðræðu við þingmanninn. Síminn í viðtalsherberginu hefur númerið 1-50-20.

Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur



Gylfi Þ.
Gíslason

Afvötnunarmíðstöð í Reykjavík

„Blái Krossinn“, sem er leiðbeinandi í áfengismálum, hefur tekið til starfa í Reykjavík.

Eitt af baráttumálum „Bláa Krossins“ er að koma upp „afvötnunarmíðstöð“, eða aðstöðu til að láta renna af drukknum manni, svo komizt verði að honum til félagslegs samstarfs. „Vísir“ að þessari starfsemi var til héra í Reykjavík fyrir fimmtán árum, en hún kólnaði niður vegna of-skipulags“, segir í fréttatilkynningu frá hinum nýju samtökum.

Í fréttatilkynningunni segir, að starfsvið „Bláa Krossins“ sé aðallega þrjúþætt: „1. Að veita ráðgjöf og leiðsögn frá ofdrykkju.“

2. Að afla og dreifa fræðslu um alkoholisma, aðdraganda hans og stigverkanir, með það að markmiði, að alkoholisma verði sinnt á frumstigum eins og hverjum öðrum sjúkdómum, en hætt verði að bíða í aðgerðarleysi eftir lokastigum hans eins og nú tíðkast.

3. Að berjast fyrir því, að þjóðfélagið víðurkenni neyð drykkju-mannsins og ástandenda hans, áður en meiriháttar óhöpp hafa hlotizt af.“

Í fréttatilkynningunni segir ennfrumur: „Á meðan afvötnunaraðstæða er ekki til, er tómt mál að tala um alhliða mannréttindi á Íslandi. Sjúklingum er mismunandi og skopazt er að vandráðum ástandenda“.

„Blái Krossinn“ óskar eftir samstarfi við alla, sem eitthvað vilja á sig leggja til lausnar vaxandi ofdrykkjubóli. Hann er öllum opin.

Þó að „Bláa Krossinum“ sé allt að því lífsnauðsyn að hafa einn fastan starfsmann, bendir ekkert til þess að svo geti orðið í bráðina, því sjóðir eru engir til. En þess má geta, að girnúmer „Bláa Krossins“ er 13000.

Aðsetur samtakanna er að Klapparstíg 16, sími 13303. —

Stjórn Iðnaðarmannafélags Suðurnesja og félagskapparins J.C. Suðurnes samþykktu á fundum sínum í gærmorgun að aðstoða þá Vestmannaeyinga er vildu þiggja dvöl á heimilum félagsmanna.

Þegar hafa margir í þessum félögum skráð sig tilbúna til taka við fólki.

Þeir, sem vildu notfæra sér þetta, hringi vinsamlega í eftirtalda menn Birgi Guðnason, (92) 1950, Kristín Guðmundsson, (92) 2652, eða Eypör Þórbarson, (92) 1705.



Símtal upp á líf og dauða

Símtöðvarstúlkunni einni í Portsmouth í Englandi tókst fyrir þrautseigju að halda uppi samtali í stundarfjórðung við Söru litlu Jane Chase, fjögurra ára gamla. Þetta samtali bjargði lífi móður litlu stúlkunnar.

Símtöðvarstúlkun, Eileen Smith, tók á móti símtali utan úr borginni. Það var kona, sem hringdi. Skyndilega skall heyrnartölíð á gólfid hinum megin á línunni og Eileen heyrið, að barn brast í grát.

Eileen kallaði á barnid gegnum símann og eftir langa stund svaraði barnid, að móðir þess lægi graffkyrr á gólfinu. „Hún sefur“, sagði barnid.

Símtöðvarstúlkun hélt áfram

að tala við Söru litlu, meðan annað starfsfólk stöðvarinnar leitaði uppi, hvaðan Sara litla taladi. Þetta tókst og nokkrum mínútum síðar var sjúkrahöll og lögregla á leiðinni til hinnar bágstöðu konu.

Þegar lögreglan kom á vettvang, lá frá Jane Chase í blóðpoll á gólfinu. Hún hafði skoríð sig á glerrúðu sem hafði brotnað, er hún var að setja upp jóla-skraut og þrýða heimilið fyrir jólin, sem í hönd fóru.

Hún gerði sér grein fyrir því, að hún hefði misst mikið blóð og yrði að fá hjálp og henni tókst að hringja í neyðarnúmerið 999, áður en hún féll í ómegin. En skilaboðin komust áleiðis fyrir tilstilli litlu dótturinnar. —

FRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAMHÖLD

Löggæzlumál 5

mikil slík skrif um hverfið geta haft skaðvænleg áhrif.

Í lok ræðu sinnar lýsti Björgvin Guðmundsson fylgi sínu við tilöggu, sem Olafur B. Thors hafði mælt fyrir um áskorun á dómsmálaráðherra um fjölgun í lögregluþíði Reykjavíkur. Sagðist hann ekkert sjá því til fyrirstöðu, að borgarstjóri samþykkti báðar hinar framkomnu tillögur, — tilöggu Framsóknarmanna og tilöggu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Dyrhlóaley 1

utreiðinga. Fengu þeir erlendrar sérfræðing til að reikna út kostnað við gerð tvöfalda hafnargarðs, og reiknaðist honum til að kostnaðurinn yrði 1500 milljónir króna. Hins vegar kvaðst Einar þess fullviss, að byggja mætti þokkalegan hafnargarð fyrir 250 milljónir króna. Væri þá um að ræða höfn, sem opin væri flesta daga ársins, en ekki þó alla. Sagði Einar að sumar hafnir landsins væru reyndar þannig úr garði gerðar.

Bregzt löðnan 12

er nokkrum vikum á eftir, og sagði Jakob að hann byggist t.d. ekki við að löðna gengi upp að Vestmannaeyjum fyrr en eftir þrjár vikur. Í fyrra veiddist fyrsta löðnan við suburströndina 21. janúar.

Þótt löðnan sem á miðin reynist ekki vera eins mikil og reiknað var með, er þó ekki að búast við öðru en vel veidist. Gangan verður í öllu falli stærri en ganga síðasta árs, en þá var talið að einungis hefðu veiðst 10–20% þeirrar löðnu sem gekk subur fyrir landid. Og megnið af þeim 80–90% löðnunum sem ekki veiddust, dó drotni sínum að lokinni hrygningu.

Vinnslustöðvar 12

sér fund, og kosið þar nefnd til að vinna að skipulagningu útgerðarmála sinna. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að fá leyfi fyrir bátana að fara til Vestmannaeyja, og huga að veifarferum sínum.

„Næsta stigið verður að útvega bátunum einhver viðskipti og aðstöðu á vertíðinni, því að við erum alveg klárir á því að ekkert vertur gert á vertíðinni í Eyjum

næstu tvo mánuðina í það minnsta.“ sagði Ingólfur.

Þá má geta þess, að sjávarútvegslátt herra hefur fallið Fiskifélagi Íslands að kanna hvað hægt verður að gera fyrir bátafloða Vestmannaeyinga á næstu mánuðum. Er starfsmenn Fiskifélagsins þegar vörjaþjáir að vinna að þessu verkefni af fullum krafti, og því er Már Elísson fiskimálastjóri tjáði blaðinu í gær.

Alls voru 77 bátar skráðir á vertíðinni í Eyjum, og fyrir þá þarf að finna pláss í öðrum höfnum.

200 manns 12

yrðu reknar. Sá möguleiki er til að við rækjum þær á sama hátt og við höfnum gert og þá þurfum við um 200 manns í hvert hús.

Við reiknuðum á fundinum í dag jafnvel með því að frysta eingöngu löðnu. Þá þyrftum við eingöngu á karlmönnum að halda og miklu færra fólki“.

„Ef ekki verður um vinnslu á löðnu að ræða á þessum vetri í Vestmannaeyjum að neinu ráði, þá er varla sjáanlegt að hægt verði að bæta þann skaba, sem af því hlýst.“ sagði Lúðvik Jósepson sjávarútvegslátt herra í fyrrgreindum bætti því við m.a., að eitt aðalatriðið, sem þyrfti að gera upp við sig, væri, hvort taka ætti þá áhættu að hafa í Eyjum mikið af starfsfólki. Hins vegar lagði ráðherrann engan dóm á, hve mikla áhættu hér væri um að ræða.

Nauðþurftir 3

verðleikum, eins og raunar öll önnur hjálp. Kvað hann nú unnið að því, að skapa héraðslækninum Einari Val Bjarnasyni, og öðrum læknum úr Eyjum, aðstöðu til að sinna sínum sjúklingum hér. Gerði hann heilt ráð fyrir, að sú aðstoða yrði fengin í Domus Medica, og væri þessi ráðstöfun mörugum afar kærkomin. Er einnig stefnt að hlíðstæðri aðstöðu fyrir Sverri.

Þegar við litum síðast inn hjá Upplýsingamiðstöð Vestmannaeyja rétt fyrir kl. 19, var þar enn talsverður hópur fólks. Bæjarritarinn, Gísli Þorsteinsson, kvað reynt hafa verið að sinna margvislegri umleitun í dag. Hefði stöðugt farið fjölgandi beiðnum um fararleyfi til Eyja til að sækja nauðþurftir, og jafnvel abrar eigur. Væri nú búið að skipuleggja tilhögun slíkra ferða til bráðabirgða.

Þá kvað Gísli allmarga vera að svipast um eftir vinnu. Gerði hann sér vonir um samvinnu við Ráðningarskrifstofuna, sem er til húsa í Hafnarbúðum.

Oskar Friðriksson, fulltrúi á Ráðningarskrifstofu Reykjavíkur, sagði, að óskir hefðu borizt frá einhverjum vinnuveitendum, einkum um iðnaðarmenn.

Þess má geta, að í Hafnarbúðum er mjög góð aðstæða fyrir mótuneyti, og er nú ákveðið að hefja nú slíkan rekstur fyrir flóttafólkið. Munu konur úr Kvenfélaginu í Vestmannaeyjum annast hann.

Skal þess getið, að í gær fékk Upplýsingamiðstöðin tvo síma til viðbótar og hefur nú þessi símanúmer: 11380 — 11994 — 12089.

Aðeins 2

gera ráð fyrir, að af opinberri hálfu verði reynt að bæta fjárhagslega það tjón, sem þar hlýzt. Eg tel víst, að Brunabótafélagið og önnur tryggingafélag leggji sitt af mörkum í þessu efni“, sagði Asgeir Ólafsson að lofum.



Orðsending

frá ríkisskattstjóra

Að gefnu tilefni er framtalsfrestur manna, sem heimili áttu í Vestmannaeyjakaupstað 1. des. s.l. framlengdur til og með 28. febrúar n.k.

Ríkisskattstjóri.

Sendisveinn

karl eða kona, óskast til léttra sendiferða.

Skipaútgærd ríkisins.



Staða yfirlæknis

(sérfræðings) í hálfu starfi við heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar er laus til umsóknar. Laun samkvæmt samningi milli Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um laun lausráðinna lækna.

Umsóknir sendist skrifstofu Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir 23. febrúar n.k.

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Vörumóttaka

SKIPAUTGERÐ RÍKISINS

Vegna takmarkaðra geymslumöguleika og trufllana á skipaferðum, eru vörusendendur beðnir að hafa samband við vöruafgreiðslu ríkisskipa, áður en þeir senda vörur þangað.

Skipaútgærd ríkisins.

Fimm hús brunnin

Síðdegis í gær höfðu drunurnar frá gosinu margfaldast frá því sem þær voru fyrsta daginn, er Alþýðublaðsmenn stígu fyrst á land í Vestmannaeyjum eftir að eldgosid hófst þar, og voru eld- og reyksúlurnar orðnar margfalt hærri.

Sú breyting hafði orðið á gosinu, að syðstu gigarnir höfðu lokast, en einn aðalígur myndast skammt frá Kirkjubæjnum og rignði hraunslettum yfir húsín.

A níunda tímanum í gærkvöldi höfðu fimm hús orðið eldi að bráð og brunnu þau til kaldra kola á örskammri stundu.

Fólki fjlgandi talsvert aftur í gær í Vestmannaeyjum, fleiri lögreglumenn komu frá Reykjavík og verkamenn til að skipa út frystum fiski og veifarærum.

Þá voru allir hestar í eyjunni settir í gær um borð í Heklu í gærkvöldi.

Bládamaður Alþýðublaðsins hitti að máli jarðfræðing undir kvöld í gær við gosstöðvarnar og sagði hann, að vatnið í stóru borholunni í Vestmannaeyjum, sem er á vesturenda eyjarinnar, hafi volgnað og úr henni seytludu um 4 sekúndulítrar, en áður þurfti að deila vatninu upp, sem þá var kalt.

Ekki var í gærkvöldi enn talin hætta á, að höfnin lokabist vegna hraunrennslis. —

ÞORRI.

Bankanum borgið

Ólafur Helgason, útibústjóri Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, lét sér ekki segjast við eldgosid fyrr en hann hafði búið til flutnings öll mikilvægust skjöl útibúsins. Því má þakka, að í gær var hafin afgreiðsla á vegum Útibúsins í húsakvnum Adalbankans í Reykjavík. Er því nú þegar unnt að leysa úr vandamálum viðskiptavina þess á hagkvæmasta hátt, sagði Reynir Jónasson, skrifstofustj. Utibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum er langstærsta bankaútibú landsins, og hefur það verið starfrækt um áratuga skeið. Er þetta að sjálfsgöngu til hins mesta hagræðis fyrir þá sem hér eiga hlut að máli.


Alþingi hefst í dag

Alþingi kemur saman að nýju í dag eftir jólaeyfi. Hefst fundur í sameinuðu þingi klukkan 14, og verður einn mállóð á dagskrá rannsókn kjörbrefs. Engir deildafundir verða í dag, og væntanlega verður ekki þingað í deildum fyrr en eftir helgi, því venjulega eru ekki haldnir þingfundir á föstudögum.

Aðstoð við framtöl og Vestmannaeyinga


Leiðbeiningar s.f. í Reykjavík hafa sent frá sér aukibú upplag af ritinu „Svona á að telja fram til skatts 1973“.

Útgefandi ritins, Sigurður Jónasson frá Flatey, tjáði blaðinu, að allur hagnaður af sölu



Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum, Magnús Magnússon, er ennþá við skyldustörf heima í Eyjum, en eins og sagt hefur verið frá, hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja fengið inni fyrir starfsemi sína í Hafnarbúðum í Reykjavík. Var í gær unnið að því, að skapa þar nauðsynlega aðstöðu, enda mæðir nú efl til vill meira á bæjarstjórninni en nokkur sinni fyrr í sögu hennar. Þegar við litum þar inn í gærmorgun, var þar örtróð af fólki, sem átti margvísleg erindi. Lögfræðingur Vestmannaeyja, bæjar, Georg Tryggvason, hafði engan möguleika á að hringja

HEIMSÓKN Í HAFNARBÚÐIR A hinum nýju bæjarstjórnarskrifstofum Vestmannaeyja var í meira en nógu að snúast. Mikill fjöldi fólks þurfti að fá fyrirgreiðslu af ýmsu tagi, og það reyndi ekki svo lítið á þá þrjá starfsmenn, sem við hittum þar. Að neðan til vinstri er Georg Tryggvason, lögfræðingur Vestmannaeyjakaupstaðar, hægri megin við hann er Sverrir Einarsson, tannlæknir, en neðst til vinstri er Gísli Þorsteinsson, bæjarritari.



FLESTR VILJA FÁ AÐ FARA OG NÁ Í NAUÐPURFTIR

ur eina símanum, sem þar var þá, því að óþara var aftur hringt þangað, þegar hverju samtali lauk. Það hljómaði óneitanlega einkennilega, að heyrna hann, uppi á 3. hæð í Hafnarbúðum, svara án afláts: „Bæjarsjóður Vestmannaeyja.“ Þrátt fyrir það, að allir eru hér boðnir og búnir til aðstoðar, var auðséð, að Vestmannaeyingar setja mikið traust á sína bæjarstjórn. Hefur hún í svo mörg horn að líta, að engin leið er að gera sér grein fyrir öllum þeim viðfangsefnum. Eitt þeirra er að gera íbúaskrá með hundrudum nýrra heimilisfanga, sem auk þess

geta breytt frá degi til dags, að minnsta kosti fyrst í stað.

Þarna hittum við tannlækni Vestmannaeyinga, Sverri Einarsson. Var augljóst, að hann liggur ekki á líbi sínu, frekar en aðrir, enda flestum Eyjabúum kunnugri hnútum í höfuðborginni, þar sem hann er fæddur og uppallinn Reykjavíkingur, þótt hann hafi um árabíl starfað og búið í Vestmannaeyjum. Sverrir sagði okkur, að boð Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur um ókeypis læknishjálp við flóttafólkið, væri metin að

Framhald á bls. 4

BJARGRÁÐASJÓÐUR BLANKUR — INNISTÆÐAN EIN MILLJÓN!

Þrátt fyrir nábylið við eld og ís og óblíð náttúruöfl virðast Íslendingar lítið hafa hugsað til afleiðinganna, sem kynnu að fylgja í kjölfar stórkostlegra náttúruhamfara í eða í grennd við þéttbýli.

Fyrir nákvæmlega sextu árum var að frumkvæði framsýnna manna stofnaður Bjargráðasjóður Íslands, sem átti og á enn lögum samkvæmt að gegna því hlutverki, að bæta einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé vegna náttúruhamfara, svo sem vatnavaxta, skriðfalla, snjóflóða, jarðskjálfta og eldgosna. Þessi sjóður, sem atlað er að

bæta tjón sem enginn maður getur séð fyrir, hefur að sögn Magnúsar Guðjónssonar framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, lengst af verið ákaflega fjárvana.

Bjargráðasjóður Íslands var stofnaður með lögum 10. nóvember 1913 fyrir réttum 60 árum, „til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því!“

Á síðasta ári samþykkti Alþingi nú lög um Bjargráðasjóð Íslands og er hann samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun, sem að formi til er sameign ríkisins, sveitarfélaganna í landinu og Stéttasambands bænda.

Samkvæmt upplýsingum, sem Magnús Guðjónsson veitti Alþýðublaðinu í gær, skiptist sjóðurinn í tvær deildir, almenna deild, sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð vegna meiri-háttar tjóns á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, og búnaðardeild, sem veitir bændum, sem verða fyrir tjóni af völdum náttúruafllanna svo sem vegna kals, vatnavaxta, snjóflóða eða þ.u.l.

Að sögn Magnúsar Guðjóns-

sonar er sjóðurinn nú ákaflega fjárvana eftir undanfarandi harðindaár í landbúnaðinum, þegar grasleysi og kal hefur stefnt einhagi íslenskra bænda í vöðva.

Sjóðurinn var heimilað að taka 100 milljóna króna lán vegna aðstoðarinnar til bænda á þessum harðindaárum og skuldar sjóðurinn þetta lánsfé að verulegum leyti enn. Fyrirgreiðsla sjóðsins við þá, sem fyrir tjóni verða, er yfirleitt í formi vaxtalausra lána eða beinna fjárstyrkja.

Sjóðurinn hefur að sögn Magnúsar veitt fólki meiri eða

minni fyrirgreiðslu hafi það orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni vegna náttúruhamfara.

Í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum sagði Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, að sveitarfélög og sýslufélög ættu fé í Bjargráðasjóði Íslands. En þetta fé hrekur skammt, ef um umtalsvert tjón er að ræða. Hlutur Vestmannaeyjakaupstaðar í sjóðnum er EIN MILLJÓN KRONA.

Sá fundni líka dæmdur ógildur?

Í síðasta Lögbirtingablaði kunngerir Yfirborgardómarninn í Reykjavík 22 ógildingarstefnur út af jafnmörgum vixlum. Er hér um að ræða vixla þá, sem skömmu fyrir áramótin var getið um í fréttum, og talið var að hefðu verið í tösku starfsmanns Smjörliks hf., sem varð fyrir ránsárás.

Eins og menn muna, var kraftiz fundarlauna fyrir einn vixlanna, sem samþykktur var af Hagkaupi og var að fjárhæð kr. 480.250.20. Það vekur athygli að nú er einnig stefnt til ógildingar á þessum vixli, þar sem stefnandi, Smjörliki hf., telur hann glataðan.

36 fjölskyldur í Ölfusborgir

Alþýðusamband Íslands hefur boðið nauðstöddum Vestmannaeyingum Ölfusborgir til afnota. Er hér um að ræða 36 hús, sem verkalyðsfélagin eiga við Hveragerði og notuð hafa verið sem sumarbúðir fyrir meðlimi þeirra.

Mun Alþýðusambandið ráðstafa þessum ágætu húsum til þeirra, sem verst eru settir, og munu meðlimir verkalyðsfélag-

anna í Vestmannaeyjum ganga fyrir að öðru jöfnu.

Hús þessi eru öll vel búin húsgögnum, heimilistækjum, borðbúnaði og jafnvel sængurfatnaði.

Upplýsingaþjónusta Vestmannaeyja tjáði blaðinu í gær, að þegar hefðu einhverjir hug á að nota sér þessa kærkomnu aðstöð.

Ókeypis læknishjálp

A þriðjudaginn barst blaðinu eftirfarandi orðsending frá stjórnun Læknafélags Íslands og Læknafélagi Reykjavíkur:


Í tilefni þeirra hörmunga, sem yfir íbúa Vestmannaeyja hafa dandi, hafa stjórnin Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna að þeir veiti fólki frá Vestmannaeyjum læknishjálp án endurgjalds.

Drengileg rausn tryggingarfélagsg

Í fyrradag barst skeyti frá aðalforstjóra tryggingafélagsins „Ansvár International“ í Stokkholmi, til Abyrgðar hf., tryggingafélags bindindismanna, sem er umboðsaðili hérlandis, þar sem hann lagði fyrir félagið að greiða öllum Vestmannaeyingum, sem hafa heimilstryggingu hjá því fyrirtæki, kr. 20 þúsund fyrir hjón og kr. 10 þúsund fyrir hvert barn. Er þetta óendurkræf aðstöð félagsins við þetta fólk, og stendur í engu sambandi við tjónabætur til þess.

Tómas Símonarson, fulltrúi hjá Abyrgð hf., sagði blaðinu, að það hefði verið sérstaklega ánægjulegt að inná þessar greiðslur af hendi.

Nokkrir komu í gær og sóttu þessa kærkomnu hjálpi. Tómas kvad ekki liggja fyrir, hver heildarhæð þessara greiðslna yrði, en mikil ánægja væri hjá bæði veitendum og þiggjendum með þessa drengilegu rausn.



Fjórþændur í Eyjum á fundi:

KOMA LANDBÚNAÐI SÍNUM Í GEYMSLU

Halldór Pálsson, búnaðarmálastjóri, fór í gær austur á Rangárvelli til að kanna þar aðstöðu til að taka við sauðfé fjórþænda í Vestmannaeyjum. Sæmundur Friðriksson, forstjóri sauðfjárvæðinganna, sagði blaðinu, að í ráði væri að kanna húskost og aðrar aðstæður í Ketilshúshaga, næsta bæ við Gunnarsholt. Að Ketlu var áður stórbú, en þar hefur nú ekki verið búið í nokkur ár.

Einar Gíslason, formaður Fjórþændafélagsins í Vestmannaeyjum, boðaði til fundar í

félaginu í gærmorgun á Hótel Sögu. Mætti Búnaðarmálastjóri á fundinum, sem og Sæmundur Friðriksson, fulltrúi frá Dýraverndarsambandinu og fleiri. Guðmundur Kristjánsson, einn fjórþænda, sagði að af ýmsum ástæðum hefðu fáir félagar verið mættir. Taldi hann vafalaust, að fjáreignendur í Eyjum æfðu mikinn hug á því að flytja fé til lands. Kvad hann rúmlega 6 hundruð fjár vera í eyjum, þar af um 60 í úteyjum. Væri nú allt fé í Heimaey á gjöf og allir hestar í góðri vörzlu.

Formaður Dýraverndunarsambands Íslands fór til Eyja í fyrradag við þriðja mann, til þess að vinna að umsjá og flutningi búpenings í samvinnu við heimabændur og aðra aðila þar. 5 hestar komu með m/s Heklu til Þorlákshafnar í gær og ákveðið að flytja alla hesta til lands, en þeir munu vera 40 alls. Oráðið mun, hversu fer um hænsein, en þau eru fóðruð ennþá.

Nokkrum vandkvæðum kanna að vera bundið að ná fé úr úteyjum, en það mun helzt í hættu

AÐEINS TVEIR HÖFÐU TRYGGT HÚS GEGN NÁTTÚRUHAMFÖRUM

Er það virkilega satt—Magnús Torfi?

Bragi Jósepsson fræðslustjóri?

Alþýðublaðið hefur það eftir öruggum heimildum, að menntamálaráðherra hafi sett Braga Jósepsson til eins árs í embætti fræðslumálastjóra. Mun dr. Bragi eiga að taka við starfinu eftir u.þ.b. tvo mánuði, en þangað til mun Helgi

Eliasson, núverandi fræðslumálastjóri, sinna starfinu. Atti hann að láta af störfum um s.l. áramót vegna aldurs, en var fenginn til þess að gegna áfram um skamma hríð.

Aðeins tveir Vestmannaeyingar höfðu húseignir sínar tryggðar gegn tjóni af völdum eldgoss, þegar náttúruhamfarirnar hófust í Vestmannaeyjum.

Þetta kom fram í samtali við Asgeir Ólafsson, framkvæmdastjóra Brunabótafélags Íslands, en félagið annast allar brunatryggingar í Vestmannaeyjum.

Asgeir sagði, að venjuleg brunatrygging, sem er skyldu-trygging, taki ekki til tjóns vegna eldgosa. Hins vegar væri til sérstök jarðskjálftatrygging, sem svo er nefnd, en hún taki til tjóns vegna jarðskjálfta og gosa, eða eids, sem kann að kvikna í húsum af þeim orsökum.

„Fyrirfram höfðu fáir Vestmannaeyingar slíka tryggingu,“

sagði Asgeir, en allnokkrir aðilar hefðu keypt sér jarðskjálftatryggingu, þegar gosið varð í Surtsey á sínum tíma.

„Nú hafa hins vegar aðeins tveir aðilar í Vestmannaeyjum þessa tryggingu,“ sagði Asgeir.

Asgeir kvad afar erfitt fyrir tryggingafélag að tryggja eignir fólks vegna tjóns af völdum eldgosa og ýmissa annarra náttúruhamfara enda mjög erfitt að fá endurtryggingu hjá erlendum tryggingafélögum vegna slíkra trygginga nema að tiltölulega litlu marki.

„En þó að venjulegar tryggingar taki ekki til þess tjóns, sem verður í Vestmannaeyjum af völdum eldgossins, verður að Framhald á bls 4.

Ekkert frétt af gripdeildum í mannlausu húsunum

LÖGREGLAN GÆTIR BÚS OG BÍLS

Lögreglan í Vestmannaeyjum er nú sem óðast að öðlast öll lykklavöld í eyinni, að því er Guðmundur Guðmundsson yfirlög- regluþjónn tjáði blaðinu í gær.

Urmull af hús- og billyklum streyma nú til lögreglunnar, svo lögreglan hefur nú hundruð lykklakippa undir höndum. Lög-

reglumenn, og reyndar aðrir björgunaraðilar í eyinni, hafa lagt dag við nótt síðan gosið hófst, að því er Guðmundur sagði.

Farið hefur verið í flest hús, bæði til eftirlits og til að ganga úr skugga um að engin hafi orðið eftir. Guðmundur sagði að lög-

reglan vildi ekki hafa á samvirkunni að einhverjar eftirlegukindur væru í eyinni, þar sem öll verð mættagla væri í höndum hennar, og verðmætin skiptu milljórum króna.

EKKI VAR HONUM KUNNUGT UM AÐ NOKKUR HAFI FARIÐ UM MEÐ HNUPLI, EFTIR AÐ FÓLK YFIRGAF HEIMILI SIN,

enda væri erfitt um slíkt að segja þar sem engin væri heima til að sakna neins.

Nú er sem óðast verið að flytja bíla frá Eyjum, og voru um 90 bílar fluttir þaðan í gær með Ms. Heklu og Herjólfu, en skipin voru væntanleg aftur í kvöld eða nótt,

og bjóst Guðmundur við að þau yrðu aftur fyllt af bíllum.

Um 850 bílar eru skráðir í Vestmannaeyjum, og bjóst Guðmundur við að þeir yrðu flestir fluttir í land nema þeir stærstu, þar sem þeir þurfa að vera til taks af skyndilega þarf að flytja verðmæt.

Fyrsta bíla- sendingin komin í land í Þorlákshöfn.

